

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

5. tölublað 19. árgangur

Mái 2024



Sauðburður í borginni

Ærin Dokka var fyrst til að bera í Fjölskyldu og húsdýragarðinum, lambadrottningu og lambakóngi en það kallast þau lömb sem fyrst fæðast á vorin.

Ljósmynd: Fjölskyldu og húsdýragarðurinn

Hringdu núna í síma 511-3101
Fritt söluverðmat

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • Sími 511 3909 • www.101.is • 101@101.is



HÚS
DÝRA
GARÐUR
INN

PARK & ZOO

Slökum á í heita pottinum



MIDNÆTUR
HLAUP
SUZUKI
20. júní 2024



Sjálfstætt starfandi apótek -- ekki hluti af neinni keðju!

EFSTALEITIS
APÓTEK



Efstaleiti 27b

425 1010

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Útgefandi: Með oddi og egg ehf.
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík

Auglýsingar: marg@heimsnet.is (Már) sími: 568 8862
Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm)
símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is
Texti: Benóný Egiðsson • netfang: benaegis@simnet.is
Texti: Þóroú Ingimarsson • thoringimars@gmail.com
Ljós.: Simon Vaughan, simonvaughanljosmyndari.com

Prentun: Landsprent
Dreifing: Póstdreifning

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

Auðbrekku 1, 200 Kópavogi

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is



Sverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna
Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn
Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | s: 565 5892

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNSLA

Margs vísari um fangelsismál hérlandis

„Þetta dýpkar þekkingu mína og viðhorf til fangelsismála,“ sagði einn nemenda við viðskipta- og hagfræðibraut við Fjölbrautaskólann við Ármúla í tengslum við heimsókn nemenda í lögfræðiafanga í fangelsið á Hólmsheiði. En í lok vorannarinnar var nemendum í áfanganum boðið, ásamt kennara áfangans, Ragnhildi B. Guðjónsdóttur, í vettvangsheimsókn í fangelsið þar sem nemendurnir urðu margs vísari um fangelsismál hérlandis.

Böðvar Einarsson, staðgengill forstöðumanns, tók einkar vel á móti hópnum og kynnti fyrir þeim starfsemi fangelsisins, sem er gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi, með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu fyrir afplánun styttri fangelsisrefsinga og vararefsinga.

Fyrsta fangelsið á Íslandi sem byggt er sem fangelsi

Böðvar upplýsti nemendur m.a. um að fangelsið á Hólmsheiði sé fyrsta og eina fangelsið sem byggt er og hannað sem fangelsi á Íslandi en Litla-Hraun var byggt sem heilbrigðisstofnun í upphafi.

Gerður var góður rómur af heim-



sókninni en nemendum fannst fróðlegt og áhugavert að fá að kynna starfsemi fangelsisins og skoða aðstöðuna með beinum hætti.

Aðstaða til fyrirmyndar

Fangelsið á Hólmsheiði var opnað 10. júní árið 2016, en þar er hægt að vista 56 fanga á fjórum sérdeildum. Öll aðstaða fyrir fanga í fangelsinu er til fyrirmyndar, svo sem tómsunda-aðstaða, líkamsræktaraðstaða og aðstaða fyrir vinnu og nám að sögn Böðvars. Garðar umhverfis fangelsið fyrir útivist eru stórir og góðir.

Verkefni í fangavinnu eru fjölbreytt og margvísleg og má þar meðal annars nefna hugmyndavinnu, hönnun og framleiðslu fyrir fyrirtækið Fangaverk.

Fangaverk er netverslun fyrir vörur sem framleiddar eru af fongum í fangelsum landsins. Vinnustaðir sem framleiða vörur eru hugsaðir sem hluti af grunnstarfi fangelsanna til þess að útvega vistmönnum störf á meðan fangavist stendur. Hægt er að kynna sér og versla vörur á fanga-
verk.is

RBG

Bilakompaní

Skútuvoði 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115

BÍLARÉTTINGAR SÆVAR

Skútuvoði 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Auglýsingasími 568 8862

Sumarið í miðborginni!

Sumarið er alveg örugglega á næsta leiti þegar borgar-búar verða fyrir óvæntu stefnumóti við listgyðjuna á ferðum sínum um miðborgina.

Nú hafa Listhópar- og Götuleikhús Hins Hússins tekið til starfa og setja þeir ávallt mikinn svip á borgarlífið. Í ár starfa 12 Listhópar að afar fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum ásamt Götuleikhúsi Hins Hússins á vegum Reykjavíkurborgar. Borgar-búar geta gengið að þeim vísam á sameiginlegum uppákomum á Föstudagsfiðrildum þann 7. og 28. júní í miðborginni frá kl.12:00-14:00. Einnig munu hóparnir gleðja mann og annan á hátíðarhöldunum á 17. júní og síðan verða þeir með Vængjaslátt síðustu sameiginlegu uppákomuna í miðborginni þann 11. júlí frá kl.16-18

Hitt Húsið er miðstöð ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Meðal fjölmargra verkefna þar eru Listhópar Hins Hússins sem starfræktir eru yfir sumartímann og eru löngu orðnir ómissandi partur af iðandi sumarlífi Reykjavíkur. Ungu fólki gefst kostur á að sækja um og koma með hugmyndir að skapandi verkefnum og valdir einstaklingar fá síðan tækifæri til að vinna að list sinni í átta vikur. Mikið af ungu og efnilegu listafólki stígur sín fyrstu skref á listabrautinni með starfi sínu í Listhópum og er um að gera að missa ekki af sameiginlegu uppákomum þeirra í sumar.



FARMASÍA
APÓTEK
SUÐURVERI
LÆGRA LYFJAVERÐ
511 0200

VERIÐ VELKOMIN
EINKAREKIÐ APÓTEK Í ALFARALEIÐ
OPIÐ FRÁ ÁTTA TIL ÁTTA

Laugardaga frá 10:00-18:00
Sunnudaga frá 13:00-18:00



Hetta og þrilembingarnir



Dokka og lambakóngur og lambadrottning

Sauðburður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Ærin Dokka var fyrst á að bera í Laugardalnum í Reykjavík þetta vorið. Hún bar lambakóngi og lambadrottningu föstudaginn 10.maí. Konunglegu titlarnir fylgja gjarnan fyrstu lömbunum fæddum á hverjum bæ. Þegar þetta er ritað hafa bæst við tvær gimbrar undan Kylju og þrilembingar undan Hettu, einn hrútur og tvær gimbrar. Faðir allra lambanna er hrúturinn Jökull.

Um leið og ær hefur borið lambi sínu eða lömbum í heiminn tekur hún við að kara afkvæmin. Það þýðir að hún

sleikir slím og blóð af þeim og setur þar með lykt sína á lömbin. Ærin þekkir svo í framhaldinu lömbin sín á lyktinni. Lamb er 3-4 kg að þyngd þegar það kemur í heiminn eða álika þungt og nýfætt barn. Móðurhlutverkið fer ánum þremur vel en þær dvöldu fyrst um sinn á afmörkuðum svæðum í kindastiunni meðan þær mynduðu góð og sterk tengsl við lömbin.

Það er vinsælt meðal skólahópa að heimsækja garðinn í lok hvers skólaárs. Starfsfólk fræðsludeildar

býður upp á fróðleiksstundir um dýrin kl. 10:15 og 11:15 hvern virkan dag út grunnskólaárið. Hvaða dýr eru tekin fyrir í fróðleiksstundum fer eftir fjölda gesta, stemningu og veðri hverju sinni.

Í Fjölskyldugarðinum hefur starfsfólk verið í óða önn að undirbúa sumarið, dytta að og yfirfara leiktæki og svæði víða um garð. Mönnuðu leiktækin verða öll opin alla daga frá og með 1.júní.

Útskriftarsýning MA nema í myndlist

Rætur að rekja – hin örþunna íðilrót, útskriftarsýning meistaranema í myndlist við Listaháskóla Íslands opnaði nýlega í Nýlistasafninu. Á sýningunni deila listamennirnir átta á persónulegan hátt með okkur hugmyndum sínum og skarprí sýn á samtímann með hljóðsýn af hverfuleika, umbreytinga-mætti og hrynjandi lífsins á öllum tímum. Yfir komandi vikur munu nemendurnir bjóða til leiðsagna þar sem tveir þeirra munu segja frá og spjalla um verk sín í senn.

Fimmtudagurinn langi
30. maí 20:00 - 20:40
Camilla Cieroní og Galadriel
González Romero

Sunnudaginn
2. júní 17:00 - 17:40
Jette Dalsgaard og Sunneva Ása
Weisshappel

Miðvikudaga
sunnudaga 17:30 - 17:45
Gjömingur eftir Camilla Ceroní
Skólastjóri Breiðagerðisskóla



Nýjar sumarvörur streyma inn



Við erum flutt á Dalveg 30 - 201 Kópavogi

belladonna

sími 517 6465 • www.belladonna.is

GRETTIR
VATNSKASSAR

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090

GRÆNA
STOFAN

Háaleitisbraut 68 • S: 552 1375 • graenastofan.is

Velkomin í nýjan glæsilegan sýningarsal

í Stekkjarbakka 4-6

(ÁÐUR GARDHEIMAR)



DIESEL.IS

578-5252 | Stekkjarbakki 4-6, 109 Rvk.



MIKIL SALA!
Vantar allar gerðir bíla á skrá!

Skólar í uppnámi við Laugardal



Laugarnesskóli

Á fundi Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar nýverið voru kynntar breytingar á áætlunum fyrir uppbyggingu skólalúsnæðis í hverfinu. Þetta er stefnubreyting fyrir alla skólana og meiriháttar breyting á starfsemi og húsnæðismálum Laugarnes-, Laugarlækjar- og Langholtsskóla.

Þegar þetta birtist hafa verið haldnir fundir með starfsmönnum og foreldrum skóla sem voru bókaðir í sérstökum forgangi og utan við almennt skipulagt fundarstarf. Svo brátt bar málið að, að ekki var unnt að nýta reglubundna fundi íbúaráðs Laugardals til að fjalla um málið. Þeir eru nú samt haldnir mánaðarlega. Skóla- og frístundasvið kynnti málið á fundi íbúaráðs Laugardals þ 29.05. og tækifæri til að senda inn umsagnir til og með 31.05.2024.

Meginbreytingin er að stefnt sé að byggingu safnskóla fyrir unglíngastig skólanna þriggja til að byrja með, fjölga yngri stígs skólunum um einn (Laugarlækjarskóla) og vera áfram



Laugalækjarskóli

með safnfrístund fyrir 3. – 4. bekk allra skólanna saman eins og hefur verið reynt nú um nokkurt skeið. Niðurstaða er kynnt sem orðinn hlutur, en boðað er frekara samráð við íbúa á hönnunarstigi.

Borgaryfirvöld boða kúvendingu frá fyrri stefnumörkun unna í ítarlegu samráði við skólasamfélagið og íbúa um að framtíðaruppbygging skólastarfs í Laugardal verði á grundvelli viðbygginga við farsælu skólana okkar og óbreyttum hverfisbrag. Skóla- og frístundaráð (SFR) hafði eftir samráð og ítarlega greiningu valið þann kost í október 2022 eða fyrir 19 mánuðum síðan. Stuðningur íbúa við þá niðurstöðu sást vel í áskorun rúmlega 1.000 manns til borgaryfirvalda um að velja þá sviðsmynd. Ein af sviðsmyndunum sem var hafnað þá, var að byggðu yrði safnskóli á unglíngastigi sem myndi taka við nemendum frá Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Í framhaldi að raska starfi skólanna þriggja og m.a. skipta Laugarneshverfi upp í tvö skólalhverfi fyrir 1-7.bekk.



Langholtsskóli

Beðið hefur verið í óþreyju eftir að sjá áætlanir um framkvæmdir viðbygginga skólanna. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hagaðila til að fá upplýsingar um áætlanir, hefur algjör þögn ríkt af hendi borgarinnar. Á vettvangi íbúaráðs hefur endurtekið verið reynt að fá upplýsingar um þróun mála, án árangurs. Sömluðis sátu íbúar Laugardals opinn fund með borgarstjóra nýverið þar sem ekkert var minnst á þessar fyrirhuguðu breytingar. Því er ekki að undra að komi flatt upp á fólk að fá nú skýrsla frá nóvember 2023 þar sem aðstæður voru endurmetnar og á grunni hennar kynnt að fyrri ákvörðun yrði afturkölluð. Í þessu ferli hefur ekkert samráð verið við fulltrúa íbúaráðs Laugardals.

Með einu pennastriki er framtíðarsýn um nokkra mikilvægustu innviði hverfisins snúið á hvolf og samráð við íbúa og fagfólk í skólum hverfisins virt að vettugi.

Umtalsverð áhrif á hverfið

Verði þetta niðurstaðan mun ákvörðun

SFR enduróma í skipulagi hverfisins til langrar framtíðar. Skólagerð þeirra þriggja skóla sem málið varðar verður brotin upp. Af skýrslu SFR er ljóst að ferðatími fjölmargra unglínginga í skóla verður allt að 27 mínútur. Safnskóla á unglíngastigi verður gert að taka við nemendum á uppbyggingarsvæðum sem nú tilheyra Álftamýrarskóla og Vogaskóla. Safnskólinn mun kalla á aukna bílaumferð í gegnum hverfið og í grennd við skólann. Hverfisbragur Laugarneshverfis mun taka miklum breytingum með tvískiptingu skólalúsnæðis sem öll dæmi sýna að setur vik á milli vina og fjölskyldna þeirra.

Skortur á heildarsýn plagandi

Um langt skeið hefur verið ljóst að uppbygging innviða í Laugardal hefur ekki dugað til að uppfylla þarfir íbúa fyrir skyldunám og aðstaða fyrir íþróttakennslu hefur verið á hrakholum. Deiliskipulagi byggingarlóða í hverfinu hefur endurtekið verið breytt, lóðir sem hafa verið ætlaðar atvinnuhúsnæði hefur verið breytt í íbúðarhúsnæði. Íbúasamtökin hafa endurtekið bent á í umsögnum sínum við slíkar breytingar að áætlun skorti um uppbyggingu innviða og að borgaryfirvöld beri ábyrgð á að áætlunir séu uppfærðar og að þau geti uppfyllt sínar skyldur gagnvart öllum íbúum. Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er m.a. fjallað um að þetta verklag skuli viðhafa.

Íbúasamtök Laugardals hafa spurt hver sé staðan á framreikningi nemandafjölda hverfisins og afmörkun

skólalúsnæðis m.v. breytt byggingaráform. Erindi sem fór til Skóla og frístundasviðs og Eignasviðs Reykjavíkurborgar hefur, þrátt fyrir ítrekanir, legið ósvarað í fleiri mánuði.

Hvert er hlutverk fulltrúa íbúa í samráði ?

Í þessu máli hefur fulltrúum íbúa verið haldið utan við efnislegar umræður í aðdraganda ákvarðana og gefst síðbúið tækifæri til einhvers konar samráðs. Það er auðvelt að upplifa sem svo að þarna fylgi ekki hugur máli þegar kemur að yfirlýsingum um samráð og íbúalýðræði. Það veldur áhyggjum þegar horft er til þess að Íbúasamtökin eiga fulltrúa í samráði um fleiri mál; m.a. samráði um Sundbraut, Hverfissskipulag fyrir Laugardal og um komur skemmtiferðaskipa til Faxafióahafna. Stjórn Íbúasamtaka Laugardals mun fylgjast með þessu og öðrum málum áfram og miðla sínum upplýsingum á Fésbókarsíðu samtakanna. Samtökin eru þó aldrei öflugri en félagsmenn og íbúar sem gefa sig í starfið. Það er ekki hlutverk ÍL að taka ákvarðanir í þessum stóru málum en að skapa aðstæður fyrir samtalið og að koma með grenndarþekkingu að borðinu er etv okkar mikilvægasta innlegg. Þátttaka íbúa sér svo um það sem út af stendur.

Með grannakveðjum, Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður Íbúasamtaka Laugardals og fulltrúi þeirra í íbúaráði Laugardals

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Í góðum málum hjá



Vantar málara ?
Ekkert mál.

Við komum og bjóðum í verkið þér að kostnaðarlausu.

Jón. Sími: 6631343

Bjarki. Sími: 7758599

Málarameistari



✉ jbmálun@gmail.com



Vogaskóli og Fossvogsskóli

Nýir kjörstaðir
New polling stations

Við forsetakosningar 1. júní nk. verða nýir kjörstaðir í Fossvogsskóla og Vogaskóla.

Í Fossvogsskóla kjósa allar götur sunnan Bústaðavegar frá Háaleitisbraut að Reykjanesbraut. Vogaskóli þjónar nú kjósendum sem áður kusu í Menntaskólanum við Sund.

Í Reykjavík er hægt að fletta upp sínum kjörstað og kjördeild eftir heimilisfangi á vef borgarinnar: reykjavik.is/kosningar.

Einnig er hægt að hringja í kosningaver Reykjavíkurborgar í síma 411-4915.

There will be new polling stations in Fossvogsskóli and Vogaskóli in the upcoming presidential elections on June 1, 2024

Fossvogsskóli is now the polling station serving the area south of Bústaðavegur between Háaleitisbraut and Reykjanesbraut. Vogaskóli serves as a polling station for voters that previously voted in Menntaskólinn við Sund.

Residents in Reykjavík can look up their polling station reykjavik.is/en/elections or contact the Reykjavík City elections help desk at 411-4915.



Fossvogsskóli
Haðaland 26
108 Reykjavík



Vogaskóli
Við Skeiðarvog
104 Reykjavík



Reykjavík

Leiktækin opin alla daga frá 1.júní



FJÖL
SKYLDU
GARÐUR
ZZ

REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



STEKKJARBAKKI 4 - 6 • 109 REYKJAVÍK

SÍMI 782 3330

reykjavikurbonstodin@gmail.com

Tímappantanir fyrir herraklippingar eru óþarfar!

greiðan

HÁRSNYRTISTOFA

Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Þankar Jónu Rúnu



Fíklar: hver eru bjargráðin?

Það er ýmislegt sem getur snert huga manns í gegnum lífið. Ef að aðstæður manns breytast, eins og til dæmis við veikindi eða fötlun, þá hugsar maður hlutina stundum upp á nýtt og á allt annan hátt en áður. Það er stutt síðan mál kom upp í fjölmiðlum sem snerti mig djúpt og ég hef hugsað mikið um. Þið hafið eflaust flest heyrt af þessu líka. Gigtarlæknirinn Árni Tómas Ragnarsson var sviptur læknaleyfi af landlækni fyrir að skrifa uppá morfínskyld lyf fyrir marga skjólstæðinga sína. Málið er að í þónokkurn tíma hefur Árni starfað með Frú Ragnheiði í því að þjónusta fólk sem á við mjög alvarlegan fíkniefnavanda að stríða. Þjónustan snýst aðallega um að vernda fólk frá hættulegum aðstæðum, sinna almennu heilsufari þess, gefa þeim öruggan samastað og heilbrigðisþjónustu. Árni hefur skrifað upp á daglega skammta af morfínskyldum lyfjum fyrir margt af þessu fólk þannig að það geti fengið daglegan skammt af lyfinu án þess að sá skammtur sé banvænn eða blandaður einhverjum viðbjóði. Með þessu getur fólk lífað lífað mannsæmandi lífi án þess að verða fávæikt af fráhröfnum eða enda á götunni þar sem það þarf að harka fyrir næsta dópskammti og lendir í misnotkun og alls konar hræðilegri reynslu. Hér er í öllum tilvikum um að ræða einstaklinga sem eru mjög langt leiddir og margar meðferðir hafa ekki skilað árangri. Vandamálið er að kerfið gerir ekki ráð fyrir þessu og tæknilega séð er atferli Árna ekki leyfilegt. En hvað varð um almenna skynsemi? Er ekki betra að fólk fái þessa þjónustu, geti farið niðri í apótek og fengið sinn daglega skammt og þess á milli gert venjulega hluti eins og við hin? Verið inná heimilinu sínu, verið í betra sambandi við sína nánustu og þurfa ekki að selja sig eða brjótast inn til þess að fjármagna rándýr götueiturlyf sem geta þar að auki verið stórhættuleg? Ég ólst upp með tvo fíkla inná minni heimili þannig að ég þekki örlítið til sem aðstandandi. Náinn ættingi minn náði aldrei árangri í sinni baráttu við fíkniefnadjöfulinn en bjó sín síðustu ár í Danmörku. Þar komst hann inn á samþýli þar sem boðið var upp á svipaða þjónustu og Árni hefur verið að gera. Fólk sem var langt leitt áfengissýki bjó í sinni íbúð og fékk skammtaðan pening daglega (með eigin samþykki) til þess að keypt væri ákveðið áfengismagn fyrir daginn. Þá varð fólk ekki fávæikt af skjálfta og fráhröfnum en heldur ekki hætta á að það yrði út úr drukkíð eða fengi áfengiseitrun. Auðvitað vitum við að daglega neysla á áfengi eða vímuefnum getur stýtt lífaldur og hefur slæm áhrif á heilsu. En að vera forfallinn fíkill úti á götunni stýttir lífið enn meira og ýtir undir glæpi og tengslarof við fjölskyldu. Ég vona að reglugerð hérlendis



verði breytt og sett verði upp prógrömm í svipuðum anda og það sem Árni hefur verið að gera. Það er til fólk sem meðferðir bara virka ekki á og þegar það er orðið svona langt leitt af fíknisjúkdómi getur þessi nálgun Árna verið sú lang mannúðlegasta og best fyrir allt samfélagið. Árni er maður kominn hátt á áttæðisaldur og hann hefur lífað tímana tvenna. Hann veit hvað hann er að gera. Hann er að lina þjáningar og gefa fólk tækifæri á að lífa mannsæmandi lífi.

Fuglalíf og vorið

Núna er skemmtilegur tími árs í gangi af því að vorið kveikir svo mikið líf. Fuglarnir eru á fullu að búa til hreiður og varp í gangi víða um landið. Þeir finna sér maka sem hjá sumum tegundum verða lífsförunautar. Það er fallegt. Við þurfum að sýna tillitssemi og vera varkár á þeim slóðum þar sem varp er í gangi. Ég var nú einlægur aðdáandi Tjarnarinnar í Reykjavík sem barn enda var fátt skemmtilegra en að fara þangað til að gefa öndunum brauð. Er til eitthvað sem er íslenskra en það? Það getur leynst ákveðin sálhjálp í því að fylgjast með fuglalífnum. Út um eldhúsgluggann minn sé ég smáfugla sem eru í óðaönn að finna sér hreiðurefni eins og mosa eða litil sprek til þess að gera sér hreiður. Þvílíkur dugnaður. Við Húsdýragarðinn hafa líka nokkrar gæsir útbúið hreiður sem þær sitja á og það er aðáunarvert hvað þær eru einbeittar í að klekja út eggjunum. Þær hreyfa sig ekki úr stað þótt maður nálgist þær en hvæsa að manni ef of nálægt er farið. Þetta kalla ég hugrekki og sterka móðurtilfinningu. Já, náttúran er falleg á vorin.

Jóna Rúna Kvaran
www.jonaruna.com

Fallin er hjartans föla rós,
frjáls kærleiksrik en dain.
Vina vinur hinum lífsljós
á vængjum, í nýheim, dain.
Kraftatrú, en kært í tárin
komu Drottins rósinn dain.
Kærleiks helið, hjartatárin.



Í harmi sorga, himinn nær
helgur engill, sálin er nær.
Hugargull, hjartalast nær
hörpusál í sólstreng slær.
Á veg vökuaugu eilífð nær
vonleysi harmur sár óbær.
Kærleiks engill, fagur nær.

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur hefur áhrif.“ JRK



ÓDÝR

gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

SIÓN TÆKIAVERSLUN

Matthías Johannessen

M-samtöl
ÚRVAL

Samtöl Matthíasar Johannessen í nýrri bók

Matthías Johannessen, ritstjóri Mbl. og skáld, skrifaði mörg samtöl við valinkunna einstaklinga í Morgunblaðið. Margt af því var venjulegt fólk. Aldraðir sjómenn. Hundrað ára konur í sveit. Hestamaður eða bóndi. Miðill eða kokkur. Málari eða flugstjóri. Aðrir voru þjóðþekktir. Steinn Steinarr. Halldór Laxness. Páll Ísólffson. Kjarval. Sama hvort var – Matthías sýndi öllum virðingu og hver og einn fékk að njóta sín á sinn hátt.

Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók. Einstakt úrval, einstök bók.

Einstakt úrval, einstök bók

STAFRAEN

HÖNNUN



3D DESIGN



GAMES



VFX



ANIMATION



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins






maria nila
STOCKHOLM



Hársnyrtistofa
DÓRA

Hárgreiðslu- og rakarastofa
Langhóltsvegi 128 • Sími 568 5775

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhliða bílaviðgerðir og viðhald

SMURPJÓNUSTA
- SAMNINGAR
VIÐ ÖLL HELSTU
BÍLAUMBOD



Smurstöðin
KLÖPP

Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16



RAFMAGNSHJÓL.IS



Margverðlaunuð
hollensk rafmagnshjól

rafmagnshjól.is // Fiskilóð 45 // Sími 534 6600

Veist þú um Hverfistré Laugardals, Háleitis og Bústaða 2024?

Tré í borgum hafa mikil og góð áhrif á umhverfið og líf borgarbúa. Þau skapa skjól, draga úr mengun, eru búsvæði fugla og skordýra og gera umhverfið fallegra og skemmtilegra. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á bein og mælanleg tengsl milli trjágróðurs í borgum og betri heilsu.

Þótt trjárækt í Reykjavík eigi sér tiltölulega stutta sögu, eru þar mörg merkileg tré, fallegar trjáraðir og lundir. Í borginni má finna aldargömul tré með fróðlega sögu. Í sumum hverfum og einstökum götum eru ákveðnar tegundir áberandi — oft reynitré, birki eða aspir. Það getur verið vegna þess hvað var í boði á þeim tíma eða eiginleika trjáanna og samspils þeirra við umhverfið. Þá má víða finna óvenjuleg tré, sem oft þrífast betur en margur hefði haldið. Til að mynda álmur, askur, hrossakastaniur, fjallapínur og eik.

Í sumar mun Skógræktarfélag Reykjavíkur útnefna Hverfistré Reykjavíkur 2024, í tíu hverfum borgarinnar. Óskað er eftir tilnefningum frá íbúum og áhugafólki. Valið verður úr tilnefningunum og fá eigendur trjáanna viðurkenningarskjöl með stuttum umfjöllunum um Hverfistré hvers hverfis, þann 25. ágúst 2024. Önnur glæsileg eða athyglisverð tré verða skráð sérstaklega og þannig stutt við skrásetningu merkilegra trjáa í borginni.

Hægt er að tilnefna einstaka tré, runna, trjáraðir eða lundir. Ástæður fyrir tilnefningu geta verið margskonar. Til dæmis að tréð eigi sér merkilega sögu eða að ákveðin trjáröð sé einkennandi fyrir hverfið. Þá getur verið að gróðurinn veiti gott skjól eða að tré laði að mikið



„Þetta frábæra klifurtré er við Ásmundarsafn í Laugardal. Fjöldi fallegra trjáa af mörgum tegundum er í Laugardal, Háleitis- og Bústaðahverfi, enda hverfin gróin og mikil veðursæld.“

fuglalíf eða að trjálundur sé góður samkomustaður fyrir fólk í hverfinu. Sum tré eru frábær til að klifra í, önnur óvenjuleg og enn önnur bara sérlega falleg.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur fólk til að senda inn tilnefningar á Hverfistré Reykjavíkur 2024, á heidmork@heidmork.is. Tekið er við tilnefningum til loka júlí.



17. júní 2024 80 ára afmæli lýðveldisins

Íslenska lýðveldið var stofnað á Þingvöllum þann 17. júní 1944 og fagnar því 80 ára afmæli á árinu. Við skipulagningu á 17. júní hafa verkefnastjórar Reykjavíkurborgar lagt mikla áhersla á að höfða til sem flestra hópa. Töluverð áhersla er tildæmis lögð á fjölmenningu en einnig er sérstaklega horft til þátttöku barna og ungs fólks.

Fyrst má nefna að nýstúdentar leggja blóm-sveig við stytta Jóns Sigurðssonar og ungskátar gegna stóru hlutverki allan daginn. Í aðdraganda 17. júní þá vinnum við þétt

með Hinu húsinu og ungu fólki sem skipar skapandi listhópa og götuleikhúsinu. Á 17. júní ár hvert er haldin skrudganga frá Hallgrímskirkju niður í Hljómskálagarð til að fagna þjóðhátíðardeginum. Skrudgangan á 17. júní er hefðbundin og mikilvægur hluti af hátíðarhöldunum á þjóðhátíðardaginn. Þar leiðir lúðrasveitin skrudgönguna og taka ýmsir aðilar þátt í að glæða hana lífi t.d. sirkuslistafólkið í Hringleik, Götuleikhúsið í Reykjavík, dansarar og margir fleiri. Svo sameinast íbúar borgarinnar göngunni og fylgja henni í Hljómskálagarðinn.



Skátar taka þátt í skrudgöngunni og einnig hópar skapandi hópar Hins Hússins og götuleikhúss Hins Hússins. Þar gefst ungu listafólki tækifæri til að koma list sinni á framfæri og svo útbýr götuleikhúsið sérstakt atriði fyrir þennan dag.

Í Hljómskálagarðinum er dagskrá allan daginn sem á sérstaklega að höfða til barna og þar fara fram stórtónleikar þar sem fjölmargir ungir listamenn koma fram, meðal annars er hefð fyrir því að þar komi fram sigurvegarar Músiktilrauna það árið.



ÞÚ FÆRÐ KÖKU FYRIR ÖLL
TILEFNI HJÁ OKKUR!

Nýja hverfið við Laugardalinn

Á Orkureitnum er vandað til verka í hverju smáatriði að innan sem utan, með vellíðan íbúa að leiðarljósi. Hönnun, gæði og snjallar lausnir miða að því að skapa falleg og vönduð heimili í eftirsóknarverðu hverfi.



Fjárfesting með betri samvisku

Markmiðið er að íbúðirnar verði Svansvottaðar og því engin skaðleg efni notuð í byggingarferlinu, sem tryggir heilsusamlegri innivist. Reiturinn hefur þegar hlotið alþjóðlegu umhverfsvottunina Breeam Excellent.



Rut Kára leggur línur innanhúss

Rut stýrir fagaðri hönnun innréttinga og leggur línur í lýsingu og litavali innan íbúða og í sameign, svo úr verður falleg heildarmynd í hverri byggingu. Þá munu snjallar lausnir í loftskiptum íbúða hafa jákvæð áhrif á daglegt líf.



Inngarðar að evrópskri fyrirmynd

Fallegir inngarðar flæða yfir í sameiginlegt svæði með tjörn og villtum gróðri, sem brýtur upp borgarlandslagið. Blágrænar ofanvatnslausnir setja svip á svæðið, en þær ganga út á að nýta ofanvatn með náttúrulegum hætti.

Tryggðu þér íbúð á þessum eftirsóttasta stað!



Góðir grannar í sumarklæðum

Góðir grannar syngja fyrir Íra

Í póstnúmeri 104 er starfræktur kórinn Góðir grannar. Tilurð kórsins er sú að Þórunn Sveinbjarnardóttir bauð sig fram til alþingis árið 1999 og með fulltingi Góðra granna komst hún á þing. Þeir sem huga á þingsetu ættu kannski að hafa þetta í huga. Nafnið Góðir grannir er komið þannig til að þegar kórinn var stofnaður bjuggu flestir kórmeðlimir í póstnúmerum 104 og 105 og voru því sannarlega góðir grannar. Í dag eru kórfélagar 17 og stjórnandi er Egill Gunnarsson.

Í maíbyrjun lögðu kórfélagar land undir fót og fóru til Írlands á kórarmót í borginni Cork en þar var samankomið kórfólk víða að úr heiminum til að syngja og njóta söngs.

Þetta kórarmót hefur verið haldið í tæpa sjö áratugi. Það var borgar-


stjórnin í Cork sem setti hátíðina, ekki vitum við hvernig val á borgarstjóra í Cork fer fram en okkur grunar að það þurfi að fara í raddpróf a.m.k. söng borgarstjórnin eins og engill lagið Smile eftir að hafa sett hátíðina og boðið þátttakendur velkomna. Að hans söng loknum kom hver kórinn á fætur öðrum fram og söng en það var einn kór sem átti hug áheyra fremur öðrum. Það voru Úkraínkir flóttamenn sem komu fram í þjóðbúningum, sungu þjóðlög og enduðu á Júróvisjon vinningslaginu Stefania og það mátti víða sjá tár á hvarmi eftir þann flutning.

Góðir grannar komu víða fram en ein af eftirminnilegri upptökum var þegar sungið var í risastórri og ægífarri kirkju í bænum Cobh. Þar fengum við mjög hlýjar móttökur en það var líka eina hlýjan sem við

nutum því inni í kirkjunni var svo kalt að þegar kórsöngvarar hófu upp raust sína læddist gufa út úr þeim og settist innan á gleraugu svo vart sá út úr augum. Þá orti Guðmundur kórfélagi þessa vísu:

*Þarna ekkert söng sig sjálf,
síst því gleyma munum.
Varð á tónum háum hált
og héla á gleraugunum.*

Það var sungið í fleiri kirkjum og við urðum þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að syngja í kaþólskri messu. Það er óhætt að segja að kirkjugestir hafi tekið vel á móti kórnum, klappað var eftir hvert lag og í lokin var upplapp og lag Henry Mancini, Moon river sungið. Ekki alveg það sem við bjuggumst við en sannarlega skemmtilegt. Að messu lokinni var kórnum boðið í te og heimabakaðar kökur og óneit-



St. Colman's Cathedral í Cobh

anlega minnti þetta á ýmsa breska þætti sem sjá má í sjónvarpinu.

Þetta var í alla staði hin ánægjulegasta ferð, það er gaman að heyrja í kórnum frá öðrum löndum, heyrja nýja kórtónlist og síðast ekki síst að vera saman og syngja saman.

Látum þessum pistli lokið með ann-

arri vísu eftir Guðmund Guðlaugsson, hirðskáldi Góðra granna.

*Í Cork allir brosa því bliðasta,
í borginni er enn liðið fríðasta.
En það var um þrjú,
eða þar um bil jú,
að Grannarnir sungu sitt síðasta.*

Sumarsmiðjur í Kringlumýri 2024

10-12 ára (fædd 2011-2013)

Skráning inn á sumar.fristund.is

Bústaðir og

Háaleiti

Staðsetning: Félagsmiðstöðin

Bústaðir

Tunguvegur 25, 108 RVK

MÁNUDAGUR 17. júní	ÞRIÐJUDAGUR 18. júní	MÍÐVIKUDAGUR 19. júní	FIMMTUDAGUR 20. júní	FÖSTUDAGUR 21. júní
Lokað vegna 17. júní	9:30 - 15:30 Ferð í frístundagardinn í Gufunesbæ	12:30 - 15:30 Sund	9:30 - 12:30 Límmidagerð	9:30 - 12:30 Brjóstsykursgerð
			12:30 - 15:30 Límmidagerð	12:30 - 15:30 Brjóstsykursgerð
MÁNUDAGUR 1. júlí	ÞRIÐJUDAGUR 2. júlí	MÍÐVIKUDAGUR 3. júlí	FIMMTUDAGUR 4. júlí	FÖSTUDAGUR 5. júlí
9:30 - 15:30 Ferð í Nauthólsvík	9:30 - 12:30 Tie dye		9:30 - 15:30 Ferð í Húsdýra- og Fjölskyldugardinn	9:30 - 12:30 Ferð í Arena Gaming
	12:30 - 15:30 Bragðarefsgerð	12:30 - 15:30 Sund		

Laugardalur

Staðsetning: Félagsmiðstöðin

Próttheimar

Holtavegur 11, 104 RVK



MÁNUDAGUR 17. júní	ÞRIÐJUDAGUR 18. júní	MÍÐVIKUDAGUR 19. júní	FIMMTUDAGUR 20. júní	FÖSTUDAGUR 21. júní
Lokað vegna 17. júní	9:30 - 15:30 Ferð í frístundagardinn í Gufunesbæ	12:30 - 15:30 Sund	9:30 - 12:30 Brjóstsykursgerð	9:30 - 12:30 Límmidagerð
			12:30 - 15:30 Brjóstsykursgerð	12:30 - 15:30 Límmidagerð
MÁNUDAGUR 1. júlí	ÞRIÐJUDAGUR 2. júlí	MÍÐVIKUDAGUR 3. júlí	FIMMTUDAGUR 4. júlí	FÖSTUDAGUR 5. júlí
9:30 - 15:30 Ferð í Nauthólsvík	9:30 - 12:30 Tie dye		9:30 - 15:30 Ferð í Arena Gaming	9:30 - 12:30 Ferð í Húsdýra- og Fjölskyldugardinn
	12:30 - 15:30 Bragðarefsgerð	12:30 - 15:30 Sund		

Alpýðuhugrækt - Fyrirstöður



Hvers kyns agnár geta verið til staðar í vitund okkar varðandi ákveðna atburðarás eða atvik, ekkert síður en gagnvart ákveðnum samskiptum eða tilfinningum. Ekkert okkar er óskekult og það væri synd að segja að okkur takist allraf að sjá við okkur sjálfum. Sér í lagi á það við ef við sjálf setjum okkur stólinn fyrir dyrnar í málum sem gætu fengið farsælan endi ef við gæfum eftir á réttum stöðum í tilvikum þar sem tilslakanir eru mikilvægar.

Einn flötur fyrirstöðu sem við þekkjum flest er þegar aðrir og jafnvel ókunnugir verða eins og tálmar á leið okkar að fyrirfram ákveðnum markmiðum. Sum okkar gefast hreinlega upp við fyrstu augljósu hindrunina sem á vegi okkar verður og draga sig í hlé, sár og svekkt. Oftast er það vegna þess að einhver ófyrirleitinn og fylginn sér sá ástæðu til að verða eins og þröskuldur í vegi fyrir því sem við

höfðum hugsað okkur að gera eða framkvæma. Það er alls ekki rétt að láta viðstöðu annarra, sem kannski er byggð uppá röngum eða óheillavænlegum ástæðum, gera okkur vondöpur eða máttlítil. Fremur ættum við sem oftast að ígrunda af kostgæfni alla meinbugi á viðhorfum okkar til okkar sjálfra og annarra. Raunsæi er mikilvægt í öllum málum því það er líklegt til að koma okkur auðveldlega yfir flestar þær fyrirstöður sem á vegi okkar verða. Ágætt er að við venjum okkur á að nota skynsemina og leggjum öll mál rólega niður fyrir okkur og vinnum síðan skipulega að góðri niðurstöðu.

Best er að kunna skil á aðalatriðum flestra hluta. Við þurfum að finna okkur knúin til að kryfja til mergjar allt það sem hendir okkur og okkur þykir t.d. bera í kjarna sínum einhvers konar dragbit sem hægt væri með vinnusemi og langlundargeði

að vinna bug á. Það segir sig sjálf að það hljóta að verða til fyrirstöður í einhverjum tilvikum tengdum markmiðum okkar og þrá. Eitthvað sem ekki er hægt að sjá fyrir og við verðum að vinna á, hægt og bitandi, ef við höfum áhuga á farsælum endi þrátt fyrir að ákveðin andstaða sé viðloðandi allan tímann sem framkvæmdin eða samskiptin standa yfir.

Það er jákænt að hafa löngun til að ná góðum og glæsilegum árangri í sem flestum málum. Hyggilegt er að átta sig á því að í allri uppbyggingu eru einhverjar þær hindarnir í gangi sem mögulega má vinna bug á ef vilji, vit og trú eru samhafð. Það er enginn vandi að þvælast óviturlega fyrir sjálfum sér og öðrum ef við kjósum það. Aftur á móti getur verið erfitt að vera uppörvandi við sjálfan sig og aðra ef eitthvað mótdrægt og hindrandi er viðloðandi.


Ágætt er að við upprætum allan ótta vonbrigða innra með okkur og látum fremur jásama og vitlæga hvatningu reka okkur áfram í átt að markmiðum okkar en neisama og nóturlega. Einkum á það við ef við kjósum að vinna til sigurs í flestum aðstæðum okkar og athöfnum.



Jóna Rína Kvaran
www.jonaruna.com

„Ómótstæðileg.“

Katie Fforde



Ugla

www.ugloutgafa.is

HVERFASBLADID

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Auglýsingasími
568 8862

Sótt tilboð

6.390 kr.



Stór pizza og hvítlauksbrauð 15" pizza af matseðliog 15" margarita eða hvítlauksbrauð

6.490 kr.



15" pizza með 2 áleggstegundum, 12" hvítlauksbrauð, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos

2.990 kr.



15" pizza með 2 áleggstegundum

Heimsendingartilboð

5.590 kr.



12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos

6.390 kr.



15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos

Hádegis tilboð

2.490 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

2.290 kr.



9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

Pantaðu á netinu á
castello.is
eða í síma 577 3333

Castello
PIZZERIA

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu

Castello pizzeria • Lág múla 7 • Dalvegi 2 • Dalshrauni 13

Foreldraþorpið

– Samtök foreldra í Háaleitis-, Laugardals- og Bústaðahverfi



Arna Hrönn Aradóttir

Nýlega var gefin út forvarna- og aðgerða-áætlun Reykjavíkur 2024-2027 sem byggist á lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar, Heilsuborginni Reykjavík: „**Borgin sem ég vil búa í**“. Bæði forvarna- og aðgerðaáætlunin og lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar eru samofnar öðrum stefnum borgarinnar þar sem nær öll starfsemi hefur með beinum eða óbeinum hætti áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Aðgerðaráætlun forvarna er unnin á grundvelli breiðrar samvinnu allra þeirra sem koma að farsæld barna í Reykjavík og þess vegna er samstarf við foreldra í hverfum borgarinnar mikilvægt, að styðja við verndandi þætti barna og ungmenna í hverfinu okkar eins og aðgerðaráætlun forvarna kveður á um.

Foreldraþorpið var stofnað í janúar árið 2018 af foreldrum í hverfi Háaleitis, Bústaða og Laugardals, félagar eru stjórnir, varastjórnir foreldrafélaga grunnskóla ásamt fulltrúum foreldra í skólaráðum. Markmið félagsins er að vera samráðs- vettvangur foreldrafélaganna og efla samstöðu foreldra í hverfinu. Félaginu er ætlað að koma sjónarmiðum foreldra um skólamál og forvarnir á framfæri

sem og að búa til skemmtilegt samfélag fróðra foreldra. Heimili Foreldraþorpsins er staðsett á Norðurmíðstöð, Efstaleiti, og verkefnastjóri forvarna er starfsmaður Foreldraþorpsins. Helga Margrét Guðmundsdóttir var verkefnastjóri/starfsmaður félagsins frá upphafi til ársins 2023 sem í samstarfi við Foreldraþorpið hélt mörg málþing með markmið félagsins að leiðarljósi.

Fyrirum forseti lýðveldisins, Frú Vigdís Finnbogadóttir, skrifar í inngang bókar: „**Velferð barna: Gildismat og ábyrgð samfélags**“, að börn séu okkar helsti fjársjóður sem veita okkur nýjan lærdóm með hverri kynslóð sem á eftir þeirri eldri kemur. „**Börn eru blessun heimsins**. Allt sem lýtur að velferð þeirra og lífshamingju hlýtur að koma okkur við“. Með orðum Frú Vigdísar að leiðarljósi hefur Foreldraþorpið og foreldrafélagin innan hvers skóla lagt mikla áherslu á foreldrasamstarf og stuðning við foreldra með fræðslu, samráðsvettvangi og skipulögðu foreldra/íbúarölt á hverju skólaári því farsæld barna í hverfinu kemur Foreldraþorpinu við. Þrautseigja foreldrafélaga til margra ára er mikilvæg en þau halda úti skipulögðu rölti til þess að skapa öruggt umhverfi fyrir börnin okkar. Skipulagt foreldra/íbúarölt minnkar líkurnar á að börn og ungmenni okkar lendi í aðstæðum sem þau ráða ekki við. Ekki má gleyma því að röltið myndar einnig samstöðu og samfélag foreldra til að styðja við hvort annað í foreldrahlutverkinu sem margir foreldra upplifa að sé orðið margþættara í dag með tilkomu samfélagsmiðla. Það er ómetanlegur stuðningur fyrir foreldra að hafa breitt tengslanet í öðrum foreldrum í nærsamfélaginu því foreldrar eru taldir taka upplýstari ákvarð-


anir og geta verið öflug rödd umbóta. Að tala saman skapar verndandi þátt fyrir börnin okkar því þannig er hægt að vinna t.d. gegn einelti og fordómum og stuðla að auknum skilningi og umburðarlyndi milli fjölbreyttra hópa (Samtök Heimili og skóli).

Í samstarfi við Norðurmíðstöð og Samfélagslögregluna hefur Foreldraþorpið haft það forvarnahlutverk í vetur að búa til samfélag sem stuðlar að öruggu hverfi með því að kortleggja hópamyndanir og annað sem fram fer í hverfinu. Aðkoma foreldra hefur verið mikilvæg og vill Norðurmíðstöð þakka Foreldraþorpinu innilega fyrir þá þrautseigju sem þau sýndu með skipulögðu rölti um hverfið, að gefast ekki upp á að skapa öruggt umhverfi fyrir börnin okkar. Í samstarfsnetið eru ávallt velkomnir fleiri íbúar og fleiri foreldrar leik- og grunnskólabarna sem hafa áhuga á góðum félagsskap og gönguferðum um hverfið og um leið að fá jafningjastuðning.

Foreldraþorpið mun byrja næsta starfsár sitt með krafti en fræðslukvöld verður haldið fyrir foreldra og íbúa, í september 2024. Dagskrá verður auglýst í ágúst.



Með ósk um gleðilegt sumar.
Arna Hrönn Aradóttir,
verkefnastjóri. Norðurmíðstöð.



Þræðir og þrívíð form

Skúlptúrar eftir Anni Bloch og Sigurjón Ólafsson

Kirsten Rosenvold Geelan, sendiherra Danmerkur á Íslandi, opnar sumar-sýningu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í safninu að Laugarnesi föstudaginn 31. maí kl. 16.

Á sýningunni sem nefnist Þræðir og þrívíð form eru þrívíð textílvörk dönsku listakonunnar Anni Bloch og valdir skúlptúrar Sigurjóns Ólafssonar. Verk þessara listamanna eru ólík að útliti, en Anni og Sigurjón eiga það sameiginlegt að hafa skapað óhefðbundin listaverk með gömlu hefðbundnu handverki. Bæði hafa þau unnið í náttúruvefni og nýtt sér út í æsar þá möguleika sem efnið leyfði. Verk Anni eru unnin með nál og þræði í silki, hamp eða jafnvel kopar. Verk Sigurjóns á sýningunni eru höggvin í tré, og oft með ýmsum viðbótum, brösuð málmverk eða mótuð í leir.

Anni Bloch er menntuð frá Hándarbejðs Fremmes Seminarium og er af síðustu kynslóð þeirra sem lærði útsaum. Hún stundar iðn sína til list-sköpunar en jafnframt því hefur hún rannsakað útsaum líðinna alda og því sem útsaumi tengist. Niðurstöður rannsókna hafa hún birt í riti sínu Dábstoj Kristenklæder, Historien om dæben, barnesynet og tekstilerne og í greinum í fagtímaritum. Hún hefur haldið sýningar á verkum sínum í Danmörku, Svíþjóð og á Íslandi.

Sunnudaginn 2. júní klukkan 14 leiðir listakonan gesti um sýninguna.

Sigurjón Ólafsson (1908-1982) bjó í Danmörku á árunum 1928-45 við nám og störf. Að loknu seinna stríði flutti hann heim og bjó og starfaði við list sína til æviloka. Heimili hans og vinnustofu var síðar breytt og þar er nú safn listaverka hans. Sigurjón var meðal brautryjenda abstraktlistar á Íslandi auk þess að vera talinn einn helsti portrettlistamaður sinnar samtíðar.

Fondet for Dansk-Islandsk Samarbejde og Dansk Islandsk Fond hafa styrkt sýninguna.

RISA ÚRVAL AF POP-FÍGÚRUM FÆST Í NEXUS!

NEXUS IS MYNDASÖGUR

Landsins stærsta úrval af vestrænum & asískum myndasögum finnur þú í Nexus!

WARHAMMER 40,000

WARHAMMER AGE OF SIGMAR

Spilamót og málun í **WARHAMMER** alla laugardaga! Dagskrá má finna á facebooksíðu 'Warhammer á Íslandi'.

NEXUS

TVÆR VERSLANIR...

GLÆSIBÆR 104 Rvk. 552 9011
KRINGLAN 103 Rvk. 552 9012

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Þróttur mun ekki gefa íþróttasvæði barna eftir undir skólalóð

Samkvæmt fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar fyrir í mánuðinum hefur borgin ákveðið að breyta um stefnu í skólalóðum í Laugardalnum. Til stóð að byggja við Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla til að mæta þörfum og fjölgun nemenda. Sú ákvörðun var tekin árið 2022 eftir langt samráðsferli við skólastjórnendur og íbúa Laugardals. (GKJ)

Nú stendur til að byggja sérstakan safnskóla fyrir nemendur í 8. – 10. bekk, en ekkert samráð var haft um þessar áætlanir við íbúa eða skólastjórnendur og ber Reykjavíkurborg fyrir sig breyttar aðstæður sem aðalástæðu þess að breytt var um áætlun. Íþróttafélagið Þróttur hefur gefið út eftirfarandi yfirlýsingu um málið:

Á fundi Skóla- og frístundaráðs borgarinnar, sem fram fór 13. mars sl., lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata til endurskoðun á fyrri ákvörðun borgarinnar um viðbyggingar við skóla í Laugardalnum. Vilja fulltrúar falla frá fyrri áformum og byggja þess í stað einn unglingaskóla, svokölluð sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Í þeirri sviðsmynd er kveðið á um uppbyggingu unglingaskóla í Laugardalnum og koma þrjár lóðir til greina samkvæmt skýrslunni. Lóð nr. 1 í umræddri



skýrslu er Þríhyrningurinn en sú lóð er og verður á íþróttasvæði Þróttar samkvæmt samkomulagi félagsins við borgina frá 1996.

Í ljósi framangreinds hefur laganefnd Þróttar farið yfir samkomulag félagsins við borgina. Telur laganefndin ljóst að tillaga að staðsetningu unglingaskóla milli gervigrasvallar og skautahallarinnar byggir á þeirri röngu forsendu að umrætt svæði, þ.e. Þríhyrningurinn, sé við hlið íþróttasvæðis Þróttar en ekki á íþróttasvæði félagsins. Með samningi Þróttar og Reykjavíkurborgar frá 12. desember 1996, um flutning félagsins úr Sæviðarsundi yfir í Laugardal, lét Reykjavíkurborg Þrótti í té afnot af tilgreindum svæðum, þar á meðal svæðinu milli gervigrasvallar og Skautahallar, þ.e. Þríhyrningi. Samkvæmt samningnum skal Þróttur hafa afnot af þeim svæðum sem um

ræðir svo lengi sem félagið starfar í Laugardal. Ekkert í samningi aðila heimilar Reykjavíkurborg einhliða að taka til sín svæði sem látin voru Þrótti í té. Þríhyrningurinn er því og verður hluti af íþróttasvæði Þróttar.

Vill aðalstjórn Þróttar því hér með koma því á framfæri að ekkert samráð hefur verið haft við félagið um umrædd áform borgarinnar og komu þau félaginu í opna skjöldu. Það kemur ekki til greina af hálfu félagsins að gefa umrætt íþróttasvæði eftir enda gegnir það veigamiklu hlutverki í starfsemi þess. Þarna fara m.a. fram stórir viðburðir á borð við ReyCup og önnur knattspyrnumót sem gerir Þrótti kleift að halda rekstri sínum gangandi. Þróttur mun því ekki að óbreyttu gefa íþróttasvæði sitt eftir undir skólalóð.

Aðalstjórn Þróttar

GÖNGUGREINING

Finnur þú fyrir verkjum í stoðkerfinu?

- Reynslumesta starfsfólkið
- Notum besta búnað sem völ er á
- Tæknileg innlegg fyrir alla skó

Tímabókanir í síma 481-1000 eða kíktu á www.gongugreining.is



Kíktu til okkar í Lág múla 4

Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir

Auglýsingasími 568 8862

Sumarskóli Þróttar 2024

Skráningar eru hafnar í Sumarskóla Þróttar 2024 fyrir börn fædd 2014-2017. Fyrstu tvær vikurnar sem og síðustu tvær vikurnar verður boðið upp á heilsdags námskeið. Annars eru námskeiðin frá 09.00-13.00 og boðið upp á gæslu frá 08.00-09.00. Í boði er að taka mat í hádeginu.

Dagskrá:

- Sumarskóli 10-14 júní
- Sumarskóli 18-21 júní
- Sumarskóli 24-28 júní
- Sumarskóli 1-5 júlí
- Sumarskóli 8-12 júlí
- Sumarskóli 15-19 júlí
- Sumarskóli 6-9 ágúst
- Sumarskóli 12-16 ágúst

Skólastjórn er Abraham Þjálfari 7. flokks og Baldur Hannes Þjálfari 5. flokks og fyrirliði meistaraflakks karla.

Skráning fer fram á Sportabli síðu félagsins, sem finna má á heimasíðu Þróttar.



NÝTT Á ÍSLANDI...

Hágæða náttúrulegar hárvörur frá TANINO sem vernda og styrkja hárið eru komnar í sölu á vefnum okkar - scala.is

Þú getur líka kíkt við hjá okkur að Lág múla 5.



Scala
HAIR & MAKEUP

LÁGMÚLA 5
108 REYKJAVÍK

553 1033

TANINO
THERAPY

PANTABU TÍMA



noona.is/scala

fb.com/scala.hair

www.scala.is



Á myndinni eru frá vinstri til hægri: Simon C Larsen, Hafrún Sigríður Pétursdóttir, Elín Salbjörg Agnarsdóttir, Arna Rut Amarsdóttir, Árbjörg Sunna Markúsdóttir, Maximilian Alexander Martinsson og Gúrí Helena Petersen en fyrir framan hópinn er Jóhanna Andrea Magnúsdóttir.

Skoða hvernig stöðva megi framgang heilasjúkdóma

Lyfjafyrirtækið Lundbeck í Danmörku stóð nýlega fyrir stórrí keppni sem kallast „Drughunters“. Hópi nemenda af náttúrufræðibraut Fjölbrautaskólans við Ármúla var boðin þátttaka í keppninni. Keppnin snýst um að koma með hugmyndir um hvernig stöðva megi framgang heilasjúkdóma eða lækna þá, en nemendur velja sér eitt viðfangsefni heilasjúkdóma, sem þeir afla sér þekkingar í.

Íslenski hópurinn fékk sérstakt hrós fyrir kynninguna sína. Fyrir íslensku krakkana var undirbúningurinn fyrir keppnina þverfaglegt samstarf raungreina og dönsku.

Keppnin vekur áhuga nemanda á læknisfræði

„Nemendunum sjálfum fannst keppnin hafa gefið þeim skemmtilegri sýn á dönskuna og einn nemandi nefndi að þessi keppni hefði hvatt hann til að reyna við læknisfræðina í framtíðinni“ sagði Simon Cramer Larsen, dönskukennari eftir ferðina. Í lok apríl síðastliðinn hittust svo allir hóparnir í Kaupmannahöfn og kynntu afraksturinn á dönsku fyrir dómnefnd að sögn Gúríar Helenu Petersen, dönskukennara, sem einnig var með í ferðinni.

Keppnin er fyrst og fremst ætluð dönskum og færeyskum framhaldsskólmennum en Fjölbrautaskólinn við Ármúla er eini íslenski framhaldsskólinn sem tók þátt.

Laugardalsprestakall

- Kirkjurnar við Laugardal

Sumarmessur alla sunnudaga kl. 11, samfélag sem nærir bæn og frið.

Laugarneskirkja

9. júní sr. Hjalti Jón Sverrisson og Magnús Ragnarsson organisti.

16. júní sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir og Magnús Ragarsson organisti

23. júní sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir og Elísabet Þórðardóttir organisti.

30. júní sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir og Bjartur Logi Guðnason organisti

Áskirkja

7. júlí sr. Sigurður Jónsson og Bjartur Logi Guðnason organisti

14. júlí sr. Sigurður Jónsson og Bjartur Logi Guðnason organisti

21. júlí sr. Sigurður Jónsson og Bjartur Logi Guðnason organisti

28. júlí sr. Hjalti og Lísá organisti

Langholtskirkja

4. ágúst sr. Hjalti Jón Sverrisson og Magnús Ragnarsson organisti

11. ágúst sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir og Elísabet Þórðardóttir organisti.

18. ágúst sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir og Elísabet Þórðardóttir organisti.

25. ágúst sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir og Magnús Ragnarsson organisti.

Að auki:

17. júní Guðsþjónusta undir berum himni á íhugunarbrautinni við Rósagarðinn í Laugardal. Sr. Sigurður Jónsson og Bjartur Logi Guðnason organisti.

Gleðilegt sumar !

f.á | FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Nýttu tímann vel og stundaðu fjarnám í FÁ.

Skráning á sumarönn stendur yfir, kennsla hefst 6. júní

Skráning á fa.is



Sumarið er komið!

Þá viltu vera hjá TM



TM